

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 136/2020

frá 25. september 2020

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/6/EB frá 20. febrúar 2008 um breytingu á tilskipun 97/67/EB með tilliti til þess að opna að fullu innri markað Bandalagsins á sviði pósthjónustu ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 225, 28.8.2015, bls. 49.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/C 217/07 frá 10. ágúst 2010 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með pósthjónustu ⁽²⁾.
- 3) Svo framkvæmd EES-samningsins sé sem skyldi, verður aukið við bókun 37 svo hún taki til evrópsks hóps eftirlitsaðila með pósthjónustu sem komið er á fót með ákvörðun 2010/C 217/07.
- 4) Ber því að breyta XI. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka XI. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Lið 5d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB) verður breytt sem hér segir:

i) eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32008 L 0006**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/6/ESB frá 20. febrúar 2008 (Stjtið. ESB L 52, 27.2.2008, bls. 3), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 225, 28.8.2015, bls. 49.“,

ii) Í stað aðlögunartexta a) kemur eftirfarandi:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 52, 27.2.2008, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 217, 11.8.2010, bls. 7.

„í 2. mgr. 5. gr. koma orðin „EES-samningnum, einkum 13. og 33. gr. hans“ í stað orðanna „sáttmálanum, einkum 30. og 46. gr.““;

iii) Aðlögunartexti b) fellur brott.

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB):

„5da. **32010 D 0811(01)**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/C 217/07 frá 10. ágúst 2010 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með pósthjónustu (Stjtið. ESB L 217, 11.8.2010, bls. 7).“

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við bókun 37 við EES-samninginn:

„42. Evrópskur hópur eftirlitsaðila með pósthjónustu (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/C 217/07).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/6/EB, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 225, 28.8.2015, bls. 49, og ákvörðunar 2010/C 217/07, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.